

# **Aðalfundur Skeljungs hf. – 16. mars 2017**

## **Ályktunartillögur fyrir aðalfund félagsins.**

### **1. Tillaga um fundarstjóra.**

Tilnefningarnefnd Skeljungs leggur til að Viðar Lúðvíksson, hrl., verði kosinn fundarstjóri fundarins.

### **2. Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2016 verði samþykktur.

### **3. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að enginn arður verði greiddur fyrir árið 2016.

Hlutfé félagsins var lækkað á árinu 2015, með útgreiðslu til hluthafa, í tengslum við töku hlutabréfa í félaginu til viðskipta í Kauphöll. Framangreind tillaga stjórnar er sett fram í því ljósi.

### **4. Tillögur að breytingum á samþykktum**

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins.

- a. Tillaga að tiltekt í texta í tengslum við töku bréfa í félaginu til viðskipta.
  - i. Stytting 8. gr. um kaup félagsins á eigin bréfum

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutfé að því hámarki er lög leyfa. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutfé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni. Atkvæðisréttur fylgir ekki eigin hlutum félagsins. Við kaup á hlutfé í kjölfar töku hlutabréfa til viðskipta skal gætt Gætt skal að ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutfélög, um eigin hluti og kaup á eigin hlutum bréfum.

- ii. Stytting á 2. mgr. 10. gr. um innlausnarrétt

Um innlausnarrétt fer eftir ákvæðum Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutfjár í félaginu og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum, samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Hver einstakur af minni hluta hluthafa getur við sömu aðstæður krafist innlausnar hjá hluthafanum, samkvæmt 1. málslíð 26. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Verði hlutir innleystir samkvæmt þessari grein fyrir töku hlutabréfa félagsins til viðskipta skal innlausnarverð vegna innleystra hluta fara fram á verði sem jafngildir innra virði félagsins samkvæmt næsta ársreikningi eða árshlutareikningi sem samþykktur er af stjórn félagsins, en eftir töku hlutabréfa til viðskipta skal gæta ákvæða 110. gr. laga 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

- iii. Stytting á 4. mgr. 13. gr. um boðun hluthafafunda

Til aðalfundar eða hluthafafundar skal boða með minnst 21 dags fyrirvara, með auglýsingu í dagblöðum, bréfpósti, tölvupósti eða á annan hátt, eftir því sem félagsstjórn ákveður. Heimilt er þó að boða til fundar með einnar viku fyrirvara ef hluthafar sem ráða yfir a.m.k. 90% hlutfjár samþykkja slíka boðun fyrirfram skriflega. Samþykki með tölvupósti telst fullnægjandi í því skyni. Málefni, sem taka á til meðferðar, skal tilgreint í fundarboði. Ef taka skal til meðferðar tillögur til breytinga á samþykktum, skal greina megin efni þeirra í fundarboði. Í kjölfar töku hlutabréfa til viðskipta skal gætt að ákvæðum 88. gr. d. í lögum nr. 2/1995 um hlutfélög hvað varðar Um fundarboðun, réttindi og aðgengi hluthafa að gögnum fyrir hluthafa- eða aðalfundi, s.s. fundarboð, atkvæðamagn, skjöl og ályktanir sem lagðar verða fyrir fund, fer eftir ákvæðum hlutfélagalaga.



## **Skeljungur hf. I Aðalfundur 16. mars 2017**

### b. Tillaga um að ekki verði lengur varastjórn við félagið, 22. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs árlega fimm menn í stjórn félagsins ~~og tvo til vara~~. Um hæfi þeirra fer að lögum. Hluthafafundur getur einnig kosið stjórnarmenn/-mann, hafi stjórnarmaður/-menn látist eða sagt af sér störfum. Hlutfall hvors kyns innan stjórnar skal ekki vera lægra en 40%. ~~Varamenn skulu vera hvor af sínu kyni.~~

*Skýring:* Samkvæmt starfsreglum stjórnar Skeljungs og í ljósi reglna um innherjaupplýsingar hafa varamenn ekki aðgang að upplýsingum nema í tengslum við þá fundi er þeir sitja. Að mati stjórnar mynda upplýsingar í tengslum við einn stjórnarfund ekki fullnægjandi grundvöll undir markvissa ákvörðunartöku, með heildarhagsmuni félagsins í huga. Þá er að mati stjórnar heppilegast að sá er tekur sæti í aðalstjórn við brotthvarf stjórnarmanns hafi þekkingu og reynslu á sama sviði og sá stjórnarmaður er víkur sæti eða sem heppileg er vegna þeirra verkefna er framundan eru hjá stjórn á þeim tímapunkti. Ekki er öruggt að varamenn búi yfir þeirri þekkingu. Í stjórn eiga sæti fimm aðalmenn. Stjórnin er ákvörðunarbær með þremur stjórnarmönnum. Samkvæmt 2. mgr. 64. gr. hlutfélagalaga er unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram, svo fremri stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

### c. Tillaga um rétt til setu á hluthafafundum, skv. 21. gr.

Heimilt er hluthafa að gefa öðrum umboð til að sækja fundi fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín, sbr. 14. gr. Rétt til setu á hluthafafundum hafa ella einungis hluthafar, stjórn, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki séu hluthafar. Þó getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

*Skýring:* Breytingunni er ætlað að áréttu rétt stjórnar til setu á hluthafafundum.

## **5. Tillaga að nýrri starfskjarastefnu.**

Stjórn félagsins leggur til að svohljóðandi starfskjarastefna verði samþykkt:

### **1. gr. Markmið**

Markmið starfskjarastefnu þessarar er að gera starf hjá Skeljungu hf. að eftirsóknarverðum kosti fyrir fyrsta flokks starfsfólk og þar með tryggja félaginu stöðu í fremstu röð. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins hafi heimild til að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur.

### **2. gr. Starfskjör stjórnarmanna**

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga um hlutfélög. Varastjórnarmönnum, ef þeir eru til staðar, skal greidd mánaðarleg þóknun eða þóknun fyrir hvern setinn fund. Stjórnarmönnum er sitja í undirnefndum fyrir hönd stjórnar skal greidd sérstök þóknun fyrir slík störf. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár, með tilliti til mats starfskjaranefndar, og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, sérþekkingu og reynslu stjórnarmanna, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

Stjórnarmenn skulu ekki njóta hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar eða annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

### **3. gr. Starfskjör nefndarmanna**

Nefndarmönnum í endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd skal greidd mánaðarleg þóknun, þóknun fyrir hvern fund eða þóknun á tíma, í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár, með tilliti til mats starfskjaranefndar, og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem nefndarmenn verja til starfans, sérþekkingu og reynslu þeirra, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.



## **Skeljungur hf. | Aðalfundur 16. mars 2017**

### **4. gr. Starfskjör forstjóra**

Gera skal skriflegan ráðningasamning við forstjóra. Heimilt er að endurnýja ráðningasamning við forstjóra á gildistíma hans.

Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum og skal hún ávallt vera samkeppnishæf á þeim markaði sem félagið starfar á. Önnur starfskjör skulu vera svo sem tíðkanleg eru hjá sambærilegum fyrirtækjum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, afnot af bifreið og uppsagnarfrestur.

Við ákvörðun uppsagnarfrests í ráðningasamningi má hafa sérstök ákvæði um lengd uppsagnarfrests sem tekur mið af starfstíma forstjóra, þó að hámarki 12 mánuði. Jafnframt skal í ráðningasamningi geta um skilyrði uppsagnar forstjóra. Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningasamningi. Ekki er heimilt að greiða starfslokagreiðslur umfram lögbundin réttindi eða viðmið.

Endurskoða skal grunnlaun forstjóra árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati stjórnar á frammistöðu forstjóra, þróun launakjara almennt í sambærilegum fyrirtækjum og afkomu félagsins.

### **5. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra**

Forstjóri ræður framkvæmdastjóra innan samstæðunnar í samráði við stjórn félagsins. Við ákvörðun starfskjara framkvæmdastjóra gilda sömu sjónarmið og rakin eru í 3. gr., að því undanskildu að uppsagnarfrestur framkvæmdarstjóra skal vera 6 mánuðir að hámarki, nema stjórn samþykki annað.

### **6. gr. Skaðleysi stjórnar og framkvæmdastjórnar**

Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi venjubundin ábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendum, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna krafna á hendur þeim fyrir ólögmdæta athöfn (e. wrongful act) í starfi í þágu félagsins. Félagið greiðir tryggingariðgjald ábyrgðartryggingarinnar og samkvæmt skilmálum hennar er greiddur eðlilegur kostnaður af málsvörn gagnvart kröfum eða rannsóknum af ofangreindum toga

Félagið skal tryggja að stjórn og stjórnendum sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þau kunna að verða gerðar eða á þau kunna að falla vegna starfa fyrir félagið, að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir háttsemi sem metin er til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis.

### **7. gr. Kaupaukar**

Heimilt er að greiða æðstu stjórnendum félagsins kaupauka í formi reiðufjár eða á grundvelli sérstakra áætlana þar um, sem stjórn félagsins ákveður til ákveðins tíma í senn. Skulu kaupaukar miðast við afkomu félagsins, frammistöðu viðkomandi starfsmanns, mikilvæga áfanga í rekstri og starfsemi félagsins, þ.á m. hvort settum markmiðum hefur verið náð. Kaupaukar skulu vera í eðlilegu hlutfalli við heildarlaun.

Við ákvörðun árangursgreiðslna skulu hagsmunir félagsins hafðir að leiðarljósi sem og eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Umbun til stjórnenda skal því samræmast tilgangi og hagsmunum fyrirtækisins til lengri tíma.

Kaupaukakerfið skal byggjast á kaupauka sem er tengdur reiknuðum raunhagnaði Skeljungs umfram þau viðmið sem stjórn ákveður. Við úthlutun til einstakra stjórnenda skal tekið tillit til frammistöðu, sem ræðst annars vegar af árangri við framkvæmd á stefnu Skeljungs og hins vegar af árangri og frammistöðu starfsmanns.

Hluti af árlegum kaupauka skal settur á sérstakan geymslureikning sem heimilt er að tengja við ávöxtun hlutabréfa Skeljungs. Reglur skulu gilda um þak á reiknaðan heildarkaupauka, hámark greiðslna á hverju ári og við útgreiðslur af geymslureikningi. Þær greiðslur er ekki greiddast út við lok kaupaukakerfis geta flust inn á geymslureikning vegna þess kaupaukakerfis er tekur við. Útbúin skal handbók um kaupaukakerfið sem lýsir kerfinu og framkvæmd þess ítarlega.

Ef kaupaukagreiðslur hafa augljóslega byggst á röngum, villandi eða ónægum gögnum, skulu slíkar kaupaukagreiðslur vera endurgreiddar upp að því marki sem rétt gögn sýna að greiðslan hefði verið lægri.

Starfskjaranefnd Skeljungs hf. er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn um að selja hlutabréf til starfsmanna og/eða að umbuna æðstu stjórnendum innan samstæðunnar með veitingu kaupréttá. Kaup/innlausn kaupréttá skal háð því að viðkomandi stjórnandi sé í vinnu hjá samstæðunni á þeim tíma sem kaup/innlausn á sér stað. Gera skal skriflega samninga við einstaka starfsmenn og skulu þeir samningar vera innan ramma laga um hlutafélög nr. 2/1995 og háðir þeim skilyrðum sem þar koma fram. Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi kaupréttá og annars konar greiðslna með hlutabréfum, greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í



## **Skeljungur hf. | Aðalfundur 16. mars 2017**

félaginu, skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar, ásamt upplýsingum um helstu skilmála og áætlaðan kostnað, verð, tímalengd, fjölda hluta og fjölda starfsmanna sem greiðslur eða áætlun nær til. Á þetta við um ný réttindi sem veitt eru eftir að starfskjarastefna þessi er samþykkt.

### **8. gr. Aðrir starfsmenn**

Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skulu framkvæmdastjórar einstakra sviða taka mið af ofangreindum reglum eftir því sem við á. Uppsagnarfrestur almennra starfsmanna skal vera 6 mánuðir að hámarki, nema stjórn samþykki annað og starfslokagreiðslur ekki hærrí en sem nemur réttindum innan þess frests, sbr. þó 7. gr.

### **9. gr. Starfslok starfsmanna eftir meira en 20 ár í starfi**

Heimilt er að veita starfsmönnum, sem láta af störfum eftir a.m.k. 40 ára vinnu fyrir félagið uppbótargreiðslu í 12 mánuði eftir að þeir láta af störfum (þ.e. eftir lok uppsagnarfrests, ef við á) sem nemur mismuninum á launum og lífeyri. Einnig er heimilt að veita starfsmönnum sem láta af störfum eftir 20-40 ára óslitna vinnu fyrir félagið uppbótargreiðslu samkvæmt sama fyrirkomulagi í 6 mánuði, séu þeir 60 ára eða eldri.

### **10. gr. Upplýsingagjöf**

Á aðalfundi skal stjórn gera grein fyrir samtölu launakostnaðar og stjórnarlauna forstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

### **11. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira**

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Er starfskjarastefnan bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 2. mgr. 79. gr. a. hlutafélagalaga. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

### ***Greinargerð með starfskjarastefnu 2017:***

Stjórn Skeljungs leggur til ákveðnar breytingar frá starfskjarastefnu 2016. Í breytingunum felast þó engar efnislegar breytingar frá framkvæmd starfskjarastefnunnar.

Bætt er inn texta um varastjórnarmenn og undirnefndir í 2. gr., um starfskjör stjórnarmanna, auk þess sem bætt er við texta um þá takmörkun sem gildir um tengingu kjara stjórnarmanna við hlutabréf í félaginu, lögum samkvæmt. Þá kemur inn nýtt ákvæði í 3. gr. um starfskjör nefndarmanna.

Nýtt ákvæði er sett fram í 6. gr. um tryggingar og skaðleysi til handa stjórn og framkvæmdastjórn. Slíkar tryggingar eru alþekktar og hafa ákvæði þessa efnis verið að færast í auknum mæli inn í starfskjarastefnur fyrirtækja.

Gerð er sú breyting á 7. gr., sem fjallar um kaupauka, að textinn er færður úr því að tengjast því kaupaukakerfi sem er í gildi og tekur enda í lok árs, yfir í að vera almennur og geta þannig staðið óbreyttur þótt gildandi kaupaukakerfi líði undir lok og nýtt kerfi taki við.



## **6. Tillaga að þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðanda.**

Stjórn félagsins leggur til að þóknun verði óbreytt frá síðasta ári, þ.e.:

- a. Stjórnarformaður: 500.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- b. Varaformaður stjórnar: 375.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- c. Meðstjórnendur: 250.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- d. Varamenn, ef við á: 50.000 kr. fyrir hvern setinn fund
- e. Formaður endurskoðunarnefndar: 100.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- f. Nefndarmaður endurskoðunarnefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- g. Formaður starfskjaranefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- h. Nefndarmaður starfskjaranefndar: 30.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- i. Formaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- j. Utanaðkomandi nefndarmaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- k. Stjórnarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. eingreiðsla
- l. Endurskoðandi: samkvæmt reikningum

## **7. Tillögur tilnefningarnefndar að breytingum á starfsreglum nefndarinnar**

- a. j-liður 2. mgr. 2. gr. um hlutverk nefndarinnar við brotthvarf stjórnarmanns á starfsárinu

Ef til þess kemur að stjórnarmaður láti af störfum á starfstímabilinu, að tilnefna nýjan stjórnarmann í samræmi við ofangreind viðmið og leggja fyrir sérstakan hluthafafund, verði stjórn við brotthvarfið ekki lenqur ákvörðunarbær eða komi um það beiðni frá stjórn.

*Skýring:* Lögum samkvæmt er ekki þörf á kosningu nýs stjórnarmanns, sé stjórnin ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru. Ákveðinn kostnaður og fyrirhöfn fylgir kosningu nýs stjórnarmanns. Þá kann að vera skammt til aðalfundar þegar stjórnarmaður lætur af störfum.

- b. 2. másl. 1. mgr. 3. gr. um skipan tilnefningarnefndar

Framboð og tillögur að nefndarmönnum skulu liggja fyrir á vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

*Skýring:* Með breytingunni er gert ráð fyrir að sjálfstæð framboð kunni að koma fram til tilnefningarnefndar en ekki sé einungis um að ræða tilnefningar hluthafa.

- c. 2. mgr. 7. gr. um skil á tillögu tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd leggur til að í stað 2. mgr. 7. gr., sem er svohljóðandi:

Í auglýsingu til hluthafafundar, skemmst þremur vikum fyrir fund, þar sem stjórnarkjör er á dagskrá skal tilnefningarnefnd óska eftir framboðum til stjórnar sem berast skulu nefndinni eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Skal tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir á vefsíðu félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir hluthafafund.

komi eftirfarandi texti:

Tillaga tilnefningarnefnd skal send ásamt fundarboði til hluthafafundar, skemmst þremur vikum fyrir fund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Þar skal jafnframt bent á unnt sé að senda inn framboð til stjórnar þar til fimm dögum fyrir fundinn en að tilnefningarnefnd geti ekki, vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar, lagt mat á framboði sem berast eftir að tvær vikur eru til fundarins. Eins að nefndin áskilji sér rétt til þess að breyta framkominni tillögu þar til tíu dagar eru til fundarins. Skal tillaga nefndarinnar um stjórn félagsins jafnframt birt á vefsíðu félagsins í kjölfar útsendingar fundarboðsins.



## **Skeljungur hf. | Aðalfundur 16. mars 2017**

*Skýring:* Núgildandi ákvæði starfsreglnanna stangast á við grein 1.5.11 í leiðbeiningum Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti, er gerir ráð fyrir birtingu tillögu tilnefningarnefndar samhliða fundarboði. Er slíkt jafnframt í samræmi við ákvæði 4. t.l. 1. mgr. 88. gr. d hlutafélagalaga er fjallar um birtingu annarra tillagna til aðalfundar.

Benda má á að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar skulu birtar upplýsingar á vefsíðu félagsins um það hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og um það hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri við nefndina, auk þess sem að nefndin hefur samkvæmt b-lið 4. gr. heimild til þess að hafa samband við hluthafa í tengslum við framkvæmd starfa sinna. Frambjóðendur hafa því allt árið um kring upplýsingar um það hvernig þeir geta kunnert um framboð sín, auk þess sem nefndin getur nálgast hluthafana beint til þess að óska eftir tilnefningum, telji hún þess þörf.

### **8. Tillögur tilnefningarnefndar að stjórn og varastjórn**

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í aðalstjórn Skeljungs:

- a. Birna Ósk Einarsdóttir
- b. Gunn Ellefsen
- c. Jens Meinhard Rasmussen
- d. Jón Diðrik Jónsson
- e. Trausti Jónsson

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í varastjórn Skeljungs, komi til slíkrar kosningar:

- f. Birgir Birgisson
- g. Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir

### **9. Tillaga stjórnar að endurskoðanda**

Stjórn leggur til að Reynir Stefán Gyfason, KPMG, verði kosinn endurskoðandi félagsins til næsta árs.

Reykjavík, 22. febrúar 2017

Stjórn Skeljungs hf.

